

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2377  
komudagur 28.4.2008

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. efnahags- og skattanefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík 28. apríl 2008

0804471SA/GB

Tilv.: 161

### Efni: Umsögn um frv. til laga um tekjuskatt, 515. mál

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með bréfi efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 10. apríl 2008. Í því felast fjórar meginbreytingar á gildandi tekjuskattslögum sem hafa áhrif til lækkunar á skatta fyrirtækja og einstaklinga. Mestu munar um hækkun persónuafsláttar einstaklinga, lækkun tekjuskattshlutfalls fyrirtækja úr 18% í 15%, breytingar á viðmiðunarmörkum barnabóta og hækkun á eignarviðmiðunarmörkum vaxtabóta.


Sambandið er hlynnt framangreindum breytingum en bendir á að bein og óbein áhrif þeirra á fjárhag sveitarfélaga hafa ekki verið metin á grundvelli samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga frá 30. desember 2005. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um frumvarpið er gert ráð fyrir að skatttekjur ríkissjóðs skerðist um 25-26 milljarða króna á ári þegar lagabreytingarnar eru að fullu komnar til framkvæmda. Miðað við þær forsendur mun lögbundið framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem nú nemur 2,12% af heildarskatttekjum ríkisins, skerðast um u.þ.b. 550 milljónir króna á ári. Rétt er að taka fram að þessi skerðing mun verða í áföngum og ekki koma að fullu til framkvæmda fyrr en á árinu 2011.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu er bent á að á móti vegi almenn áhrif af auknum efnahagssumsvifum á tekjuhlið ríkissjóðs en afar erfitt sé að spá fyrir um hve mikil þau áhrif verði. Á grundvelli þjóðhagsspár áætlað ráðuneytið að áhrifin geti orðið í kringum 10 milljarðar króna og gæti afkoma ríkissjóðs batnað sem nemur þeirri fjárhæð þannig að nettóáhrif af lagabreytingunni geti orðið um 15 milljarðar króna á ári. Gangi þær forsendur eftir verður hlutfallsleg tekjuskerðing jöfnunarsjóðs nokkru minni en að framan er rakið eða nálægt 350 milljónum króna á ári.

Sambandið leggur áherslu á að áhrif breytinganna á fjárhag sveitarfélaga verði metin nákvæmlega áður en frumvarpið verður að lögum og að þess verði sérstaklega gætt að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði bætt sú tekjuskerðing sem við blasir, verði frumvarpið að lögum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræðisviðs